

426. fundur framkvæmdanefndar búvörusamninga 22. febrúar 2018, kl. 14:30 í fundarsal atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Þessir sátu fundinn:

Ólafur Friðriksson, starfandi formaður, Arnar Árnason formaður LK, Guðrún Ögmundsdóttir sérfræðingur FJR, Katrín María Andrésdóttir, frkvstj. SG og Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson formaður BÍ. Þá voru mættir Jón Baldur Lorange, frkvstj. Búnaðarstofu Matvælastofnunar og Sigurður Eyþórsson, frkvstj. BÍ, ásamt Arnari Frey Einarssyni ANR og Elísabetu Önnu Jónsdóttur ANR.

Fundargerð ritaði Arnar Freyr Einarsson ANR.

Þetta var tekið fyrir á fundinum samkvæmt dagskrá:

1. Framkvæmd búvörusamninga 2017. Lagt var fram yfirlit frá Búnaðarstofu Matvælastofnunar yfir helstu atriði varðandi framkvæmd búvörusamninga í tíu liðum, á tímabilinu 1.1.2017 til 21.2.2018. Lagt var til að einnig verði gert yfirlit frá 1.1.2017 til 31.12.2017. Yfirlitinu var dreift til upplýsingar og farið var yfir hvern lið.
2. Erindi frá RML – kvíguskoðun. Lagt var fram erindi frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins þar sem óskað er eftir því að nefndin fullnýti heimild skv. 20. gr. reglugerðar nr. 1181/2017 um stuðning við nautgriparækt. Þar kveður á um að heimilt sé að ráðstafa allt að 3% árlegra framlaga til kynbótastarfs, að upphæð kr. 6.072.231 á árinu 2018. Er óskað eftir því að nefndin nýti þessa heimild til að mæta kostnaði við útlitsdóma á kvígum á fyrsta mjaltaskeiði og val kynbótagripa inn á nautastöð BÍ. Ósk RML var samþykkt.
3. Nautgriparæktarmiðstöð Ísl. - fjármögnun. Lagt til að 33 m.kr. verði nýttar af liðnum Framleiðslujafnvægi á árinu 2018, skv. 6. gr. samnings um starfsskilyrði í nautgriparækt, til nautakjötsframleiðslu skv. 9 gr. Fjármunirnir verða nýttir til greiðslu á eftirstöðvum stofnkostnaðar einangrunarstöðvar holdanauta á Stóra-Ármóti. Komi sú upphæð til viðbótar við þær 25 m.kr. sem þegar hefur verið ráðstafað til reksturs stöðvarinnar skv. 9. gr. Tillagan var samþykkt.
4. Ráðstöfun eftirstöðva lífræns stuðnings 2017. Eftirstöðvar greiðslna til lífræns stuðnings 2017 eru kr. 31.782.1598, en til ráðstöfunar voru 35 m.kr. Rætt hefur verið innan nefndarinnar að endurskoðun reglna um ráðstöfun stuðnings sé þörf. Endurskoðun liggur þó ekki fyrir. Fram kom að fulltrúar bænda og félags framleiðenda í lífrænni ræktun VOR (Verndun og ræktun) hafa átt í viðræðum um mögulega aðkomu að kynningar- og ráðgjafarstarfi til eflingar lífrænnar ræktunar. Lagt var til að BÍ og ANR gangi til samningsviðræðna við VOR, um tvíþætt samstarf, annars vegar kynningarverkefni og eflingu ráðgjafarstarfs, þ.m.t. erlenda ráðgjöf við lífræna vottun og ræktun. Tillagan var samþykkt. Fulltrúi fjármálaráðherra tók ekki afstöðu til málsins, sbr. umræður á síðasta fundi um flutning fjámuna milli ára.
5. Ónotað greiðslumark í sauðfé. Lögð til tillaga Markaðsráðs kindakjöts um ráðstöfun eftirstöðva ónotaðra beingreiðslna til markaðsstarfs í samræmi við 3.7 gr. samnings um starfsskilyrði í sauðfjárrækt. Ónotaðar beingreiðslur námu kr. 109.115.846 árið

2017. Nefndin hafði áður samþykkt að ráðstafa 100 m.kr. af ónýttum beingreiðslum til markaðsstarfs. Eftirstöðvar eru því kr. 9.115.846. Ráðstöfun þessi var samþykkt.

6. Önnur mál.

Lagt til að á næsta fundi nefndarinnar verði tekið fyrir fyrirkomulag greiðslna til sauðfjárbænda og hvort endurskoða þurfi greiðsludagsetningar.

Lagt til að sett verði fundaráætlun fyrir árið 2018.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið 15:15